

Fundargerð (43)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams fimmtudaginn 9. september 2021, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Halldóra Sveinsdóttir
Frá Bandalagi háskólamanna; Erna Guðmundsdóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Heiða Björk Vignisdóttir
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson, Dagný Pind Aradóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri. Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 42. fundar** samþykkt.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Rætt var sérstaklega um samskipti við fulltrúa frá sveitarfélögunum til undirbúnings fræðslu og leiðsögn í þann hóp. Margrét upplýsti að hjá sveitarfélögunum komi fram mikill áhugi á að nýta sér fræðsluna og mjög margir hafi skráð sig til þátttöku.
- 3. Matshópur – staðan.** Kolbeinn fór ítarlega yfir fyrstu skýrslu matshópsins þar sem gerð var grein fyrir skoðun gagna Reykjavíkurborgar og ríkisins fyrir mánuðina frá maí til september. Matshópi var þakkað fyrir sitt faglega og mikla starf og rætt um framsetninguna. Matshópur, sem vinnur í umboði stýrihóps, fær til skoðunar gögn sem bundin eru trúnaði og eru allir fulltrúar í hópnum bundin af undirrituðum yfirlýsingum um meðferð persónubundinna upplýsinga. Til grundvallar störfum stýrihópsins er gegnsæi, sem hafa verður í huga við skýrslugerð. Skýrslur matshóps til stýrihóps eru grundvöllur upplýsinga til stjórnenda vinnustaða og stéttarfélaga og eftirfylgni með framkvæmd hjá þeim vinnustöðum þar sem mælikvarðar sýna frávik frá forsendum, leiðarljósum og markmiðum. Eftir umræðu tóku Aldís fyrir hönd launagreiðenda og Sonja Ýr fyrir launafólk að sér að rýna þessa fyrstu skýrslu og koma með tillögur til breytinga á framsetningu sé þörf talin á því.
- 4. Verklag – verkferlar – stjórnun.** Bára Hildur fór yfir minnisblað sem lá fyrir í gögnum fundarins. Þar er yfirlit um forsendur betri vinnutíma í vaktavinnu í fylgiskjali 2 (3) og tenglar á þau skjöl sem unnin hafa verið til að skýra verklag, gefa leiðbeiningar og túlka álitæfni. Minnisblaðið er hugsað til að að auðvelda aðilum betri vinnutíma í

vaktavinnu eftirfylgni og tryggja að allir séu með aðgang að samræmdum gagnabrunni.

5. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 16.01. Næsti fundur fimmtudaginn 14. október kl. 14.30.
Fundargerð er aðgengileg á Teams.